

Réttarsálfræði

E-315-RETT



Ár: 1. ár.

Önn: Vorönn.

Tegund námskeiðs: Skylda (kjarnanámskeið).

Undanfarar: E-216-FESA.

Skipulag: 4 stundir á viku í 12 vikur.

Kennari: Anna Kristín Newton/ Þórarinn Viðar Hjaltason/Ólafur Örn Bragason.

Lýsing: Í námskeiðinu verður byggt á þeim grunni sem nemendur hafa öðlast á hugtökum og kenningum félagssálfræðinnar og þekking þeirra dýpkuð og hagnýtt. Meginkenningar innan réttarsálfræði verða kynntar. Sérstök áhersla verður lögð á mismunandi líkön og kenningar sem notaðar eru til að útskýra orsakir afbrota og mismunandi viðbrögð samfélaga við þeim.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

Þekking

- Þekkt og gert grein fyrir grundvallaratriðum kenninga og rannsókna í réttarsálfræði.
- Gert grein fyrir stefnum í sálfræðilegu mati og meðferð afbrotamanna.
- Greint á milli mismunandi undirsviða réttarsálfræðinnar.
- Lýst störfum sálfræðinga fyrir íslenska réttarvörslukerfið.
- Þekkt og skýrt frá helsta vettvangi fræðilegrar umræðu í réttarsálfræði.

Leikni

- Beitt fræðilegri orðtakanotkun réttarsálfræðinnar á skiljanlegan hátt.
- Rætt um kenningar og rannsóknir réttarsálfræðinnar í hópi jafninga.
- Aflað upplýsinga um tiltekið efni réttarsálfræðinnar, skilgreint það, tengt við raunverulegar aðstæður og kynnt það samnemendum sínum.
- Þekkt og skýrt frá helsta vettvangi fræðilegrar umræðu í réttarsálfræði.
- Fundið fræðigreinar á sviði réttarsálfræði í rafrænum gagnagrunnum og internetinu.

Hæfni

- Fjallað á gagnrýninn hátt um kenningar og helstu rannsóknir innan réttarsálfræðinnar.
- Aflað sér frekari þekkingar um mismunandi svið innan réttarsálfræðinnar og dregið saman helstu atriði með fræðilegri nálgun.
- Sett umfjöllun um réttarsálfræðileg málefni í almennri umræðu í samhengi við rannsóknir á sviðinu.

Námsmat: Nemendur skrifa rannsóknarskýrslu og stjórna 30 mínútna umræðutíma um efni að eigin vali ásamt því að vinna smærri verkefni. Skriflegt próf er í lok annar.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræður.

Tungumál: Íslenska.

ECTS: 6